

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR brennu Bláskógabyggðar í landi Brautarhóls þann 31. desember kl: 20:30- 00:00

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Leyfið tekur til áramótabrennu, í landi Brautarhóls við Vegholt þann 31. desember með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum:	550/2018 5. gr.	
1.2	Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.	550/2018 56. gr.	

## 2. SKILYRÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrir en endanlegt leyfi lögregluþyrvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.	325/2016	
2.2	Veitt er leyfi fyrir brennu sem er í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamála-stofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra. "Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000."	325/2016	
2.3	Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.	325/2016	
2.4	Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi.	550/2016 52. gr. og 325/2016	

	Þá skal ekki hella á brennuna fyrir en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.		
2.5	Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.	325/2016	
2.6	Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskikör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.	325/2016 3., 18. og 23. gr. og rgl. nr. 550/2018 56. gr.	
2.7	Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra <sup>1</sup> frá 7. desember 2000.	325/2016	
2.8	Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.	325/2016 18. og 23. gr. og rgl. nr. 737/2003 11. gr.	
2.9	Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar ár hvert.	414/2017, 6. gr.	
2.10	Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.	550/2018 og rgl. nr. 325/2016	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):**

<sup>1</sup> Gefið út af þáverandi stofnunum (Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins).

Selfossi, xx.xxx 20xx

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

XYZ,  
heilbrigðisfulltrúi

Til auglýsingar